



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. Þ 128/197

komudagur 9.3.2003

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.03.2003
Tilv. 21.9.1/ÞOR
JS/sv

Málefni: Þingsályktunartillaga um miðstöð atferlis- og eldisrannsóknna á þorski á Vestfjörðum (128. löggjafarþing 2002-2003. Þskj. 52-52. mál)

Vísað er í erindi Sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 5. febrúar 2003 um ofangreint málefni. Hafrannsóknastofnunin telur ekki rétt að leggjast gegn fram komnum hugmyndum um uppbyggingu eldisrannsókna á Vestfjörðum enda forsendan að um alhliða eflingu eldisrannsókna verði að ræða af hálfu stjórnvalda. Hafrannsóknastofnunin telur að styrking útibús stofnunarinnar á Ísafirði gæti nýst í þessu tilliti og hefur gert tillögur þar um í fjárlagabæði fyrir árið 2004, en þar er sérstaklega ráð fyrir gert að starfsmaður stofnunarinnar annist eftirlit með tilraunum í tengslum við úthlutun á þorskkvóta til áframeldis.

Hins vegar er ljóst að nýta verður vel það takmarkaða fé sem ráðstafað er til eldisrannsókna. Fara verður varlega í að byggja upp ríkisstyrktar eldisstöðvar víða um land þar sem ákveðið grunnframlag er nauðsynlegt á hverjum stað fyrir sig. Í því sambandi skal vakin athygli á að uppi eru áform um að byggja upp aðstöðu til sjávardýraeldis við Háskólann að Hólum. Hafrannsóknastofnunin hefur frá árinu 1988 rekið Tilraunaeldisstöð á Stað við Grindavík og hefur nú verið tekin í notkun ný og endurbætt aðstaða til ýmissa eldistilrauna með sjávardýr og er þar samankomin mikil reynsla, þekking og færni varðandi þorskeldi. Mikilvægt er að styrkja áfram dyggilega við þessa starfsemi.

Meðfylgjandi er til upplýsingar greinargerð um stöðu þorskeldismála hjá Hafrannsóknastofnuninni.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
552-0240
Póstfax:
562-3790

Heimasíða:
<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:
librarian@hafro.is

Greinargerð um stöðu þorskeldistilrauna Hafrannsóknastofnunarinnar

- Hafrannsóknastofnunin hefur yfir að ráða fullkominni tilraunaeldisstöð á Stað við Grindavík. Árið 1988 var byggð þar 560m² eldisstöð með afnot af síuðum jarðsjó frá stærstu strandeldisstöð landsins, Íslandslaxi. Árið 2002 var byggð 790 m² viðbygging við stöðina og gerður samningur við Íslandslax um afnot af heitu vatni. Þar starfa nú fimm fastir starfsmenn, einn stöðvarstjóri, einn sérfræðingur og þrír eldismenn, auk allmargra sérfræðinga í aðalstöðvum Hafrannsóknastofnunarinnar og hjá fleiri stofnunum sem stjórna eða hafa stjórnad verkefnum í stöðinni. Umfangsmiklar rannsóknir hafa verið stundaðar þar á þorski, lúðu, sandhverfu og sæeyrum, auk minniháttar tilrauna með fjölmargar aðrar tegundir.
- Margvíslegar tilraunir með þorsk hafa verið gerðar í Tilraunaeldisstöðinni frá árinu 1992, m.a. könnun hrognagæða með tilliti til stærðar og aldurs hrygna. Þá hefur verið árleg framleiðsla á nokkur þúsund þorskseiðum frá árinu 1994, þar af um 25 000 seiði á síðasta ári sem seld voru til þriggja innlendra útgerðarfyrirtækja. Gerðar hafa verið umfangsmiklar vaxartilraunir til að kanna hvernig kjörhiti þorsks til vaxtar og fódurnýtingar breytist með fiskstærð. Niðurstöðurnar hafa einnig verið nýttar til að þróa reiknilíkan fyrir vöxt á þorski sem takmarkast ekki af fæðuframboði. Þá hafa verið gerðar þar sveltartilraunir með þorsk og í gangi eru tilraunir til að kanna hrygningartengdan dauða hjá þorski.
- Á næstu árum er fyrirhugað að leggja stóraukna áherslu á að þróa þorskseiðaeldi og kynbætur í stöðinni í samstarfi við einkafyrirtæki og stofnanir. Nýlega undirritaði Hafrannsóknastofnunin samstarfssamning við Stofnfisk hf., Fiskeldi Eyjafjarðar hf., Fiskey ehf. og Þorsk á þurru landi ehf. um samstarf í þorskeldi. Hafrannsóknastofnunin mun sjá um að safna árlega erfðaeftni úr mismunandi stofneiningum þorsks allt í kringum landið og ala undan þeim seiði sem síðan verða flutt í prófunarstöðvar til að meta hvaða einstaklingar skara fram úr við eldisaðstæður. Stofnfiskur hf. mun halda utan um kynbótaþáttinn og mun ættgreining fara fram með DNA aðferðum.
- Áfram verður haldið að rannsaka áhrif umhverfisþátta svo sem hita, seltu og strauma á vöxt og lífslíkur þorsks á mismunandi þroskastigum. Einnig er fyrirhugað að kanna fæðuatferli þorsks með tilliti til dægur- og árstíma í samvinnu við Náttúrustofu Reykjaness í Sandgerði. Sérfræðingar á Keldum munu sem fyrr fá aðstöðu í stöðinni til ónæmisrannsókna á þorski og til að þróa bóluefni fyrir þorsk.
- Að Tilraunaeldisstöðinni á Stað við Grindavík er fyrir hendi fullkomin aðstaða, þekking og færni til þorskeldistilrauna. Sem fyrr mun Hafrannsóknastofnunin stuðla að því að aðrar rannsóknastofnanir og háskólar hafi aðgang að þessari góðu aðstöðu og má þar nefna Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum og Iðntæknistofnun. Einnig er brýnt að stofnanir og fyrirtæki starfi saman að þróun eldsmöguleika og hefur Hafrannsóknastofnunin að undanförmu átt samstarf og aðstoðað fjölmörg fyrirtæki við eldistilraunir.
- Íslendingar verða í harðri samkeppni við Norðmenn og Skota um að þróa arðbært þorskeldi. Sameiginlegt átak allra þeirra sem hér geta komið að málum er því afar mikilvægt.

Hafrannsóknastofnuninni 21. febrúar 2003

Björn Björnsson